# Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 2. janúar 2018
*Mnr. 2017120066*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað með leikskólalíkani

Í töluverðan tíma hefur verið umræða um að finna leið til að úthluta leikskólum sveitarfélagsins starfsmannastundum þannig að jafnræði sé á milli þeirra. Barngildi sem áður var notast við og voru í lögum um leikskóla voru feld úr lögunum 2008, þau hafa þó verið notuð sem viðmið.

Það eru margir þættir sem taka þarf tillit til þegar manna þarf leikskóla svo sem menntun starfsmanna, undirbúningur starfsmanna, fjöldi nemenda, fjöldi dvalarstunda nemenda, aldur og samsetning nemenda skólans og stuðningsþörf. Sett hefur verið saman líkan sem tekur til allra þátta og er það til skoðunar fyrir fund fræðslunefndar. Margt af því sem sett er fram í líkaninu kemur fram í kjarasamningum.

Líkanið er sett upp á þann hátt að miðað er við hvernig verið er að gera þetta í dag en athugasemdir hafa komið frá leikskólastjóra um að fækka börnum á hvern kennara og eru þær athugasemdir neðst í líkaninu.

Sambærileg líkön eru notuð til að deila kennslustundamagni í grunn- og tónlistarskólum sveitarfélagsins.

MH